

GÁTLISTI: ÉG HEF RÉTTA HUGARFARIÐ!

Að vera frumkvöðull og hefja eigin rekstur er krefjandi og skemmtilegt verkefni sem krefst góðs undirbúnings. Þú þarft því snemma í ferlinu að skilja hvaða kröfur verkefnið gerir til þín og hverju þú þarft að búa yfir til að ná árangri.

Svaraðu nokkrum spurningum og kannaðu hvort þú sért frumkvöðull með rétta hugarfarið.

1. **Ertu fullur af eldmóð?** ☐ Já ☐ Nei
Þú finnur hvernig viðskiptahugmyndin kveikir upp í þér eldmóðinn og gefur þér viljann til að drífa keyra verkefnið áfram.
2. **Ertu tilbúinn til að vinna langa vinnudaga?** ☐ Já ☐ Nei
Þú skilur að þú verðir að verja umtalsverðum tíma á fyrstu metrunum og því veigrar þú þér ekki við löngum og krefjandi vinnudögum.
3. **Ertu vel undirbúinn fyrir aukið álagið?** ☐ Já ☐ Nei
Þú veist að stofnun fyrirtækis getur valdið þér áhyggjum og streitu. Þú vinnur því markvisst í að auka andlega og líkamlega getu til að takast á við álagið.
4. **Ertu með áhættuna sem fylgir stofnun fyrirtækis á hreinu?** ☐ Já ☐ Nei
Þú ert með áhættuna á hreinu og gerir þér grein fyrir því að þú þarft að stýra áhættunni með góðum undirbúningi, skipulagi, áætlanagerð og markvissri stjórnun.
5. **Ertu sjálfstæður í starfi?** ☐ Já ☐ Nei
Þú hefur tileinkað þér sjálfstæði í starfi. Þú hefur markvisst öðlast þekkingu og reynslu sem þú hefur trú á og treystir að skili þér árangri í starfi.
6. **Ertu þolinmóður og sýnirðu þrautseigju í erfiðum verkefnum?** ☐ Já ☐ Nei
Þú gerir þér grein fyrir að stundum næst árangur eftir röð af mistökum. Þú veist að þegar þú byggir upp fyrirtækið þá mun eitthvað fara úrskeiðis eða verða á skjön við upphaflega áætlun. Því ætlar þú ekki að gefast upp heldur leita leiða til að yfirstíga hindrunina.
7. **Ertu óhræddur við að deila viðskiptahugmyndinni með öðrum?** ☐ Já ☐ Nei
Þú segir frá viðskiptahugmyndinni til að leita upplýsinga og aðstoðar. Þú skilur að engin getur aðstoðað þig nema að hann viti hvert þú stefnir og hvað þú þurfir til að komast þangað.

Markmiðið á að vera að svara öllum spurningum með „Já“. Ef þú svaraðir einhverjum spurningum með „Nei“ þá gefur það þér vísbendingar um hvað þú þurfir að vinna í.

